

Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar

Gert er ráð fyrir að tvöfalda Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun á 1. og 2. tímabili. Á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir færslu brautarinnar við álverið sem tengist fyrirhugaðri stækkun þess sem hafnað var í atkvæðagreiðslu í Hafnarfirði. Fyrsti áfangi framkvæmdanna verður gerð mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg árið 2017.



Reykjanesbraut milli Fitja og Flugstöðvar

Á 2. tímabili er gert ráð fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Kjósarskarðsvegur

Lagt er til að haldið verði áfram endurgerð Kjósarskarðsvegar á 1. og 2. tímabili.

